
Umsögn um þingmál

Frumvarp til laga um málefni innflytjenda

Umsagnaraðili:	Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Dagsetning:	15.8.2025
Þingmálsnúmer:	S-123/2025
Heiti máls:	Áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda

Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna áforma um frumvarp til laga um málefni innflytjenda

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur verið aðili að samning um samræmda móttöku síðastliðin ár og byggt upp þekkingu og mannauð sem hefur nýst vel við þá vinnu.

Við fögnum því að greiðslur fjárhagsaðstoðar færist til VMST og teljum það vera til hagsbóta og minnki flækjustig. Hins vegar, líkt og fram kemur í umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga, teljum við óeðlilegt að aðeins sé horft til framfærslu sem fjallað er um í b. lið 15. gr. laga um félagsþjónustu en ekki framfærslu sem fjallað er um í a. lið. Við teljum að réttast væri að fella 15. gr. laga um félagsþjónustu að öllu leiti á brott og að ábyrgðin færist að öllu leiti til VMST.

Við lýsum einnig yfir töluverðum áhyggjum af þeim hluta sem snýr að yfirfærslu aðlögunaráætlana til VMST. Eins og fram kemur í umsögn Reykjavíkurborgar er mikilvægt að tryggja að einstaklingar sem falla undir löggjöfina séu í dreifðri búsetu um landið til að dreifa álagi sem hlýst af þeirri vinnu sem fellur til við málaflokkinn. Starfsstöð VMST á suðurlandi, sem Sveitarfélagið Hornafjörður tilheyrir, er staðsett á Selfossi og í 400 km fjarlægð frá þéttbýlinu Höfn. Það liggur því í augum uppi að þjónusta VMST við einstaklinga búsetta í Sveitarfélaginu Hornafirði geti aldrei orðið ásættanleg. Það má því ætla að einstaklingar sem falli undir þá þjónustu leiti til sveitarfélagsins eftir ráðgjöf og stuðningi.

Þá teljum við brýnt að vinna kostnaðargreiningu á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélögin vegna vinnu í málaflokknum. Mikil og þörf vinna er unnin af ráðgjöfum félagsþjónustu á landsvísi til að tryggja góða aðlögun innflytjenda, sem er kostnaðarsamt en fellur ekki undir endurgreiðslu ákvæði laganna. Einnig teljum við að það yrði til mikilla bóta að endurgreiðslur vegna flóttafólks einskorðist ekki aðeins við fyrstu tvö árin heldur sé tekið mið af aðlögunaráætlunum einstaklinga enda þarfir þeirra gríðarlega misjafnar og aðlögun getur tekið mislangan tíma.

Að öðru leyti tekur Sveitarfélagið Hornafjörður heilshugar undir allt það sem fram kemur í umsögnum sem hafa borist frá Reykjavíkurborg, Hafnarfirði, Kópavogi og Akraneskaupstað og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Skúli Ingibergur Þórarinnsson
Sviðsstjóri velferðarsviðs

